

2. Fyrir brot gegn ákvæðum 2. másl. 4. mgr. 3. gr. laga þessara skal refsa skv. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

3. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

4. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskráum o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996.

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um skáningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt taka lögin til skýrslna sálfræðinga og félagsráðgjafa hvort sem þær teljast skrár í skilningi 2. mgr. eða ekki.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

III. KAFLI

Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

4. gr.

2.–4. másl. 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

5. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:
Um aðgang sjúklings að upplýsingum úr sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu,
verðlagningu og sölu á búvörum,
sbr. lög nr. 124/1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995:

- a. Í stað orðanna „og hrossakjöts“ í fyrri málslíð kemur: hrossakjöts og nautgripakjöts.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í síðari málslíð kemur: 3%.
- c. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 600 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 1.100 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í fyrri málslíð 1. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 124/1995, kemur: 1,8%.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III með lögum nr. 124/1995, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum, fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.